

## Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn á Álfnesi árið 2012.

### Samantekt.

Urðunarstaðurinn á Álfnesi hefur verið starfræktur frá árinu 1991. Fyrsta starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn var gefið út þann 26. apríl, 1991. Núgildandi starfsleyfi rennur út þann 31. desember 2012 og SORPA bs. sækir hér um endurnýjun þess til ársins 2028.

Urðunarsvæðið er í samræmi við núverandi deiliskipulag og áætlanir um framtíðarnýtingu svæðisins. Sameiginleg svæðisáætlun 43 sveitarfélaga á svæðinu frá Markarfljóti í austri að Gilsfjarðarbotni í vestri um meðhöndlun og förgun úrgangs gerir ráð fyrir því, að fullnýta skuli þá urðunarstaði, sem nú þegar eru í rekstri.

SORPA bs. hefur fengið gæðavottun og starfar samkvæmt ISO 9001. Miðað er við að fá vottun samkvæmt umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 á árinu 2012. Móttaka úrgangs í Álfnesi fer fram í samræmi við rekstarhandbók fyrirtækisins. Urðunarstaðurinn er afgirtur og er með sérstakri móttökuaðstöðu. Allur úrgangur er skoðaður við móttöku, vigtaður og skráður í úrgangsflokka. Úrgangi, sem ekki má urða, er vísað frá t.d. til móttökustöðva spilliefna.

Sótt er um leyfi til urðunar á allt að 120.000 tonnum af úrgangi á ári. Heildarmóttökugeta urðunarstaðarins er mun meiri en þessari urðun nemur. Gert er ráð fyrir, að urðað magn minnki umtalvert með árunum vegna söfnunar á pappír og pappa og vegna uppsetningar gasgerðarstöðvar, sem verið er að vinna að áætlunum um.

Sótt er um leyfi til urðunar á öllum úrgangi, sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni. Auk þess er óskað eftir leyfi til urðunar á stöðugum óvirkum spilliefnum í samræmi við reglugerð 184/2002 um urðun úrgangs. Þetta er í samræmi við breytingar á skilgreiningu úrgangs með tilkomu reglugerðar 184/2002. Einnig er óskað eftir framhaldi á núverandi leyfum um urðun á asbesti, gífsi o.fl.

Stærsti hluti úrgangsins kemur baggaður frá móttökustöðvum heimilis- og iðnaðarúrgangs. Urðun hans fer fram í urðunarreinum, þar sem böggunum er raðað upp og þeir huldur með þekjulagi. Hver rein er með botn- og hliðarþéttingu ásamt frárennsliskerfi. Allt sigvatn fer síðan í safnþró vestan við svæðið og þaðan til sjávar. Umhverfisstofnun veitti undanþágu um þéttleika botnþéttingar á urðunarstaðnum árið 2010 í samræmi við reglugerð 184/2002 og hér er sótt um framhald hennar.

Óbagganlegur ólífrænn úrgangur er urðaður á aðskildu svæði frá baggaða úrganginum. Asbest og gífs eru meðhöndluð sérstaklega og ávallt urðuð og hulin strax við móttöku.

Sérstök móttökuaðstaða hefur verið sett upp fyrir óbagganlegan lyktarsterkan úrgang. Einnig er ákveðið svæði fyrir urðun á dýraleyfum.

Frá árinu 2007 hafa komið fram kvartanir um lykt frá urðunarstaðnum aðallega vegna nýrrar byggðar í Leirvogstungu. Unnið er að margvíslegum úrbótum til þess að koma í veg fyrir lyktarmengun, svo sem úðun yfir úrganginn með sjó og lyktareyðandi efnum og byggingu sérstakrar móttökustöðvar fyrir lyktarsterkan úrgang. Dregið hefur úr kvörtunum, þrátt fyrir að endurbótum sé ekki lokið. Með tilkomu gasgerðarstöðvar mun hætta á lyktarmengun síðan minnka enn frekar.

Öllu fáanlegu gasi, sem myndast á urðunarstaðnum, er safnað í gassöfnunarkerfi. Það er síðan hreinsað og metan, sem er um 54% af gasinu, er selt sem eldsneyti. Hreinsun hauggass í ökutækjaeldsneyti er viðurkennd endurvinnsluaðferð á lífrænum úrgangi. Skortur er á gasi til sölu frá urðunarstaðnum. Kolsýra, sem er hinn meginhluti gassins, er ekki nýtt enn sem komið er.

Reglubundið eftirlit er með umhverfisþáttum, sem tengjast urðunarstaðnum. Sísmælingar eða reglulegar efnamælingar eru gerðar á gasi, sigvatni, grunnvatni og sjó og fylgst er með uppsöfnun efna í krækling við útrásarop sigvatns. Einnig er fylgst með veðurfari og þáttum tengdum því. Engar athugasemdir hafa komið fram um niðurstöður þessara mælinga frá upphafi urðunar.

Gera má ráð fyrir miklum breytingum á meðhöndlun úrgangs á næstu árum. Söfnun á pappír og pappa mun aukast verulega og minnka þannig það magn, sem kemur til urðunar. Einnig er unnið að áætlun um uppsetningu gasgerðarstöðvar innan fárra ára. Stöðin mun þá taka við öllum lífrænum úrgangi, sem hægt er að framleiða gas úr. Plast verður að mestu fráflokkað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU bs í Gufunesi og annað hvort sent til frekari vinnslu eða urðað sérstaklega. Eftir það verður að mestu urðaður ólífrænn úrgangur og molta.